

Atvinnuveganefnd Alþingis

Húnaþingi vestra, 7. maí 2024
Mál nr. 2405009 U.V.H.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lagareldi 930. mál.

Á 1213. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra sem haldinn var þann 13. maí 2024 var umsagnarbeiðni atvinnuveganefndar um frumvarp til laga um lagareldi, 930. mál, tekin fyrir. Svohljóðandi var bókað:

Lögð fram beiðni atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um lagareldi, 930. mál. Umsögn byggðarráðs er svohljóðandi:

Byggðarráð fagnar því að nú sé sett fram heildstæð löggeðf um lagareldi. Einkum vill ráðið fagna því að friðunarsvæði til verndar villtum laxi eru færð í lög (7. gr.).

Markmið frumvarpsins sem hér er lagt fram er að skapa skilyrði til sjáfbærrar uppbyggingar lagareldis og efla þannig verðmætasköpun, atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu lagareldi og tryggja verndun villtra nýjastc.fna. Markmiðið í sjá.fu sér er góðra gjalda vert. Hins vegar er það mat ráðsins að lengra þúfi að ganga en gert er í frumvarpinu til að tryggja að markmið þess náí fram að ganga, einkum til verndunar villtra nýjastc.fna. Vill ráðið gera eftirfarandi athugasemdir:

Ótímabundið rekstrarleyfi

Ráðið gerir alvarlegar athugasemdir við að rekstrarleyfi verði ótímabundin líkt og fram kemur í 33. gr. Eðlilegt er að leyfi sem þessi séu gefin út til ákveðins árcjöllda í senn. Við endurnýjun leyfis þúfi lagareldisfyrirtæki að fara í gegnum leyfisveitingaferlið að nýju sem gefur tækfæri til grandskoðunar á starfsemi sem að mati ráðsins er nauðsynlegt til að auka líkur á að markmið frumvarpsins náist. Þó að í frumvarpinu séu settar fram heimildir til cfturköllunar leyfa þá er slík aðgerð cfar iþyngjandi, tímcfrek og krefst mikils cftirlits. Vandséð er að núverandi cftirlitskerfi hefði burði til slíkra aðgerða.

Kostnaður vegna leitar og veiða á strokulaxi

Ítarlega er jfallað um aðgerðir til að koma í veg fyrir og bregðast við stroki úr sjókvíum enda íjóst að ómögulegt er að koma í veg fyrir slysasleppingar. Í 45. gr. er jfallað um leit og veiði í veiðiám eða vötnum við strok. Þar kemur fram að allan kostnað Matvælastcfnunar og annarra sjórnvalda vegna nauðsynlegra aðgerða skuli rekstrarleyfishc.fi greiða. Byggðarráð leggur áherslu á að í þessa grein verði bætt við að rekstrarleyfishc.fi skuli jc.fri framt greiða veið.félögum/veidiréttarhc.fum þann kostnað sem til fellur við leit/veiðar á strokulaxi. Í þeirri stóífelldu slysasleppingu sem upp kom haustið 2023 reyndist sá kostnaður umtalsverður.

Kynþroska lax

Í XI. kafla laganna er jfallað um kynþroska eldislax og takmarkanir ræktunar hans og aðgerðir til að seinka kynþroska. Í jjósi þeirrar slysasleppingar sem átti sér stað sl. haust og leiddi til umtalsverðrar göngu kynþroska eldislaxs í verðmætar laxveiðiár vill byggðarráð leggja ríka áherslu á að sett verði

ákvæði í frumvarpið þess efnis að innan 10 ára verði óheimilt með öllu að rækta fjóan lax. Með því má minnka til muna þá áhættu sem efi eldinu stöfar gagnvart villta laxastöfnum.

Á 371. fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra sem haldinn var þann 14. september 2023 var svohljóðandi bókað í ljöfar stórfelldrar slysasleppingar í Patreksfirði:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra lýsir yfir þungum áhyggjum efi þeirri stöðu sem upp er komin í húnvetnskum laxveiðiám þar sem veiðst hefa allmargir eldisfiskar á undanförunum dögum og vikum. Í fyrsta lagi veldur þessi staða áhyggjum hvað varðar efiðablöndun við villta laxveiðistöfninn eins og margst hefur verið ítrekað á síðustu árum. Í öðru lagi er áhætta vegna smitsjúkdóma alltaf fyrir hendi og efi slíkir sjúkdómar breiðast út í stöfn viðkomandi ár getur það gert út efi við ána á stuttum tíma. Í þriðja og síðasta lagi hefur þessi alvarlega staða mikil áhrif á mynd og gæði þeirra villtu laxveiðiáa sem fyrir þessu verða. Allir þessir þættir geta valdið miklum búsöjum með tilheyrandi tekjufalli landeigenda og samfélags. Sveitarstjórn Húnaþings vestra skorar á matvælaráðherra að beita þeim valdheimildum sem hann hefur í gegnum undirstöfnanir sínar til að tryggja að fiskeldisfyrirtækin greiði kostnað vegna mótvægisáðgerða sem veiðfélögin neyðast til að fara í til að veijast strokulaxi úr opnum sjókvíum.“

Ástæða er til að ítreka efiangreinda bókun.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Byggðarráð áskilur sér rétt til umsagnar um málið á seinni stigum og lýsir sig tilbúið til samtals við atvinnuveganefnd um málið.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,



SVEITARSTJÓRI
HÚNAÞINGS VESTRA

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.